

Þriðjudaginn 4. júní 1991.

Nr. 278/1989. **Valdimar Jóhannesson**

(sjálfur)

gegn

Þrotabúi Goðgár hf.

(Hjalti Steinþórsson hrl.).

Gjaldþrotaskipti. Skuldaröð. Kaupkrafa. Uppsagnarfrestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Bjarni K. Bjarnason, Hjörtur Torfason og Þór Vilhjálmsson og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 11. júlí 1989. Hann krefst þess, að hinum áfrýjaða úrskurði verði hrundið og viðurkennd verði sem forgangskrafa í Þrotabúi Goðgár hf. skaðabótakrafa hans vegna fyrirvaralausrar uppsagnar úr starfi, að fjárhæð 1.295.235 krónur. Enn fremur krefst hann sem eftirstæðrar kröfu dráttarvaxta af kröfufjárhæð samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. september 1988 til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda fyrir skiptarétti Reykjavíkur og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Með samningi 30. maí 1988 réð áfrýjandi sig framkvæmdastjóra hjá Goðgá hf. og hóf strax vinnu. Uppsagnarfrestur samkvæmt samningnum var 6 mánuðir. Hinn 22. júní 1988 fór félagið fram á greiðslustöðvun og var veitt heimild til hennar í tvo mánuði frá 23. júní. Bú félagsins var tekið til gjaldþrotaskipta að ósk stjórnar þess hinn 15. ágúst 1988. Óumdeilt er, að áfrýjanda var sagt upp vinnu sinni vegna gjaldþrotsins. Samkvæmt 1. mgr. 48. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978 getur búið sagt upp samningi um leigu eða annað varanlegt réttarsamband með venjulegum eða sanngjörnum fresti, og gildir það, þótt þrotamaður hafi samið um lengri frest, nema samningi um lengri frest hafi verið þinglýst eða hann skráður hjá opinberum aðila með hliðstæðum hætti. Af gögnum málsins er ljóst, að framtíð félagsins var ótrygg, þegar ráðning áfrýjanda kom til. Með tilliti til þess og atvika að öðru leyti má telja 3 mánuði

sanngjarnan uppsagnarfrest af hálfu búins, og réttur áfrýjanda til launa, sem honum svarar, er ekki vefengdur í málinu. Samkvæmt þessu ber að staðfesta þá niðurstöðu hins áfrýjaða úrskurðar, að við skipti á þrotabúi Goðgár hf. eigi áfrýjandi forgangskröfu til þriggja mánaða launa, sem nema 676.190 krónum, með vöxtum, eins og í dómsorði greinir.

Áfrýjandi hefur gert það sennilegt, að hann hafi reynt að takmarka tjón sitt svo sem kostur var, en ekki tekist að fá atvinnu fyrir en eftir að umsömdum uppsagnarfresti lauk. Þykir því rétt að dæma honum bætur vegna þessa samkvæmt 3. mgr. 48. gr. gjaldþrotalaga, er þykja hæfilega ákveðnar 300.000 krónur sem almenn krafa í þrotabúi Goðgár hf. með vöxtum, eins og í dómsorði greinir.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður í skiptarétti, en rétt er, að stefndi greiði áfrýjanda 50.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti, sem verði almenn krafa í búið.

D ó m s o r ð:

Áfrýjandi, Valdimar Jóhannesson, á forgangskröfu í þrotabúi Goðgár hf., að fjárhæð 676.190 krónur.

Áfrýjandi á almenna kröfu í þrotabúið, að fjárhæð 300.000 krónur.

Af kröfum þessum á áfrýjandi eftirstæða kröfu í þrotabúið til dráttarvaxta samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. september 1988 til greiðsludags.

Málskostnaður í skiptarétti fellur niður. Stefndi greiði áfrýjanda 50.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti, og er það almenn krafa í þrotabúið.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 11. maí 1989.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 24. apríl 1989.

Sóknaraðili, Valdimar Jóhannesson, Urriðakvísl 18, Reykjavík, krefst þess, að við yfirstandandi skipti á þrotabúi Goðgár hf., Reykjavík, verði viðurkennd sem forgangskrafa skaðabótakrafa sín vegna fyrirvaralausrar uppsagnar úr starfi í ágúst 1988, kr. 1.295.235. Jafnframt krefst hann máls-

kostnaðar úr hendi varnaraðilja og dráttarvaxta af málskostnaði frá 15. degi eftir uppkvaðningu úrskurðar til greiðsludags.

Varnaraðili, þrotabú Goðgár hf., Reykjavík, krefst þess, að hann verði „sýknaður af öllum kröfum sóknaraðilja“ og að sóknaraðilja verði gert að greiða varnaraðilja málskostnað að mati réttarins.

Sáttaumleitanir dómarsins hafa ekki borið árangur.

Bú Goðgár hf. var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði skiptaréttar Reykjavíkur, uppkveðnum 15. ágúst 1989, samkvæmt beiðni stjórnar félagsins. Var Elvar Örn Unnsteinsson héraðsdómslögmaður ráðinn bústjóri þrotabúsins til bráðabirgða, og á fyrsta skiptafundi þess hinn 5. desember 1988 var hann kosinn skiptastjóri þess.

Sóknaraðili lýsti kröfu í þrotabúið með bréfi, dagsettu 12. september 1988. Er kröfu hans þar lýst sem bótakröfu vegna uppsagnar úr starfi framkvæmdstjóra félagsins hinn 20. ágúst 1988. Tölulega er kröfunni lýst þannig:

Laun í uppsagnarfresti:	
Föst laun kr. 187.300,- í 6 mánuði	kr. 1.123.800
Orlof vegna launa júní-ágúst 1988	
10,17% af kr. 561.900	“ 57.145
Orlof vegna launa í uppsagnarfresti	
10,17% af kr. 1.123.800,-	“ 114.290

Að auki var krafist dráttarvaxta frá 1. september 1988 og innheimtu-launa, en tekið fram, að krafan væri byggð á ráðningarsamningi, dags. 30. maí 1988.

Upphaflega synjaði skiptastjóri þrotabús Goðgár hf. um viðurkenningu á kröfu sóknaraðilja, en á grundvelli viðbótargagna frá sóknaraðilja lýsti skiptastjórinn yfir með bréfi, dagsettu 15. desember 1988, að hann samþykkti kröfu sóknaraðilja sem forgangskröfu, að fjárhæð samtals kr. 676.190, sem var sundurliðuð þannig:

Laun í uppsagnarfresti	
(sept. - nóv. 1988):	kr. 561.900
Orlof v/júní - nóv. 1988	
(10,17% af 1.123.800,-)	“ 114.290
	Kr. 676.190

Þessari afstöðu hefur sóknaraðili ekki viljað una, og snýst mál þetta um þann ágreining.

Sóknaraðili gerir þá grein fyrir kröfum sínum, að hann hafi fengið sem framkvæmdastjóri til Goðgár hf. hinn 30. maí 1988. Hafi verið gerður við

sig skriflegur ráðningarsamningur og hann ráðinn til eins árs með gagnkvæmum 6 mánaða uppsagnarfresti.

Þegar sóknaraðili hafi ráðið til starfa, hafi legið fyrir ársreikningar félagsins fyrir árin 1986 og 1987, sem sýnt hafi jákvæða eiginfjárstöðu hjá félaginu. Að sögn stjórnarmanna í félaginu, sem gengu úr stjórninni 30. maí 1988, hafi rekstur félagsins gengið betur fyrri hluta árs 1988 eftir nokkurt bakslag á árinu 1987. Strax eftir að sóknaraðili hóf störf, hafi verið ráðið í gerð milliuppgjörs vegna rekstrartímabilsins 1.1. 1988 og fram á mitt árið. Hafi þá komið í ljós, að bókhald félagsins hafi verið fært með þeim hætti, að reikningar sýndu mun betri eiginfjárstöðu en raunin var. Milliuppgjórið sé dagsett 20. júlí 1987, og samkvæmt því sé eigið fé félagsins neikvætt um kr. 14.249.486. Skömmu eftir að þetta lá fyrir, hafi stjórn félagsins ákveðið að óska eftir, að bú félagsins yrði tekið til gjaldþrota-skipta.

Sóknaraðili hafi verið launþegi hjá hinu gjaldþrota félagi, en af hálfu búsins hafi aðeins verið samþykktur liðlega helmingur kröfu hans.

Sóknaraðili heldur því fram, að ekki sé ágreiningur um stöðu kröfu sóknaraðilja í forgangs röð eða um útreikning fjárhæðar kröfunnar.

Sóknaraðili reisir kröfur sínar í málinu á því, að uppsagnarfrestur sinn samkvæmt vinnusamningi við Goðgá hf. sé 6 mánuðir. Þar sem þeim samningi hafi ekki verið rift, beri búinu skylda til að virða þennan samning eins og aðra löglega gerða samninga, sem gerðir hafi verið fyrir upphaf skipta, en taka á afleiðingum vanefnda þeirra ella.

Sóknaraðili hafi átt ótvíræðan rétt til 6 mánaða uppsagnarfrests, og honum hafi ekki tekist að útvega sér aðra launaða vinnu, meðan sá frestur var að liða. Samkvæmt áratugadómvenju hér á landi beri launagreiðanda að bæta launþega það tap, sem launþeginn verði fyrir vegna fyrirvaralausra starfsloka, og í þessu tilviki beri búinu að bæta það tap án frádráttar. Sóknaraðili hafi verið launþegi hjá Goðgá hf., og protabúið hafi engan lagalegan grundvöll til þess að svipta hann ótvíræðum og óvefengdum rétti til skaðabóta vegna slita á vinnusamningnum, sem hann eigi rétt til samkvæmt meginreglum íslensks vinnuréttar og fortakslausum ákvæðum 84. gr. laga nr. 3/1878.

Sóknaraðili telur, að hann hafi ekki haft neina aðstöðu til að gera sér grein fyrir raunverulegri fjárhagsstöðu Goðgár hf., þegar hann gekk frá ráðningarsamningi sínum við félagið. Þessi atriði hafi ekki legið fyrir, fyrr en milliuppgjórið lá fyrir í lok júlí 1988. Hafi sér verið talin trú um, að þrátt fyrir erfiðleika í rekstri félagsins á árinu 1987 mætti ná tökum á rekstri félagsins aftur með skynsamlegri og samhentri stjórn.

Af hálfu varnaraðilja eru kröfur á því reistar, að sóknaraðilja hafi verið ljóst eða hafi mátt vera ljóst, að Goðgá hf. átti ekki fyrir skuldum á þeim

tíma, sem ráðningarsamningur hans og félagsins var gerður. Bendir sóknaraðili á það sérstaklega í þessu sambandi, að áður hafi verið gert árangurslaust lögtak hjá Goðgáhf. vegna skattskulda, svo og, að eiginfjárstaða félagsins í árslok 1987 hafi samkvæmt ársreikningi ársins 1987 á því ári versnað um tæpar 6 milljónir króna. Þó hafi sóknaraðili átt að geta séð, að skuldir væru þar vantaldar, t.d. komi þar ekkert fram um skuldir við opinbera aðilja, heldur sé þar einungis getið um áætluð opinber gjöld ársins.

Varnaraðili telur, að sóknaraðilja hafi verið ljóst eða mátt vera ljóst, þegar ráðningarsamningur var gerður við hann, að fjárhagur félagsins væri svo slæmur, að ákvæði samningsins um 6 mánaða uppsagnarfrest væri algerlega „út í hött“ og tíu þess eins fallið að fella greiðsluskyldu á Goðgá hf. eða þrotabú þess eða eftir atvikum ríkissjóð langt umfram það, sem eðlilegt verði talið. Hafi þrotabú Goðgár hf. því tekið þá afstöðu að samþykka kröfu sóknaraðilja að því marki, sem nemi eðlilegum uppsagnarfresti miðað við það, sem gengur og gerist á hinum almenna vinnumarkaði, þ.e. þrjá mánuði, en kröfu hans umfram það verið hafnað.

Varnaraðili heldur því og fram, að sóknaraðili hafi ekki reynt að takmarka tjón sitt með því að falast eftir starfi annars staðar, eftir að bú Goðgár hf. var tekið til gjaldþrotaskipta. Hafi sóknaraðili, að því er virðist, aðeins sóst eftir nákvæmlega hliðstæðu og „viðunandi“ starfi, en fráleitt sé, að hann megi takmarka svo viðleitni sína til að draga úr tjóni vegna starfslokanna hjá Goðgá hf., að hann eigi skilyrðislausan rétt til launa úr þrotabúi félagsins til loka umsamins uppsagnarfrests, ef hann geti ekki á þeim tíma fengið „hliðstætt og viðunandi fast starf“ við blaðstjórn.

Sóknaraðili hefur gefið munnlega skýrslu fyrir réttinum um aðdragandann að ráðningu sinni til hins gjaldþrota félags og um tilraunir sínar til að fá vinnu á þeim tíma, sem úrlausn máls þessa varðar.

Goðgá hf. gaf út vikublaðið Helgarpóstinn. Í kjölfar eigendaskipta að tilteknum hluta hlutafjár í félaginu á árinu 1988 urðu miklar deilur innan félagsins, sem m.a. leiddu til breytinga á stjórn félagsins á aðalfundi þess, sem mun hafa verið haldinn 30. maí 1988.

Sóknaraðili og hin nýja stjórn Goðgár hf. gerðu ráðningarsamning 30. maí 1988, þ.e. sama dag og aðalfundur félagsins var haldinn, og er meginmál samningsins svohljóðandi:

„1. gr.

Valdimar Jóhannesson er ráðinn framkvæmdastjóri Goðgár frá deginum í dag og er ráðningartíminn til árs, en endurskoða skal samning þennan fyrir 1. júní 1989.

2. gr.

Mánaðarlaunin eru ákveðin kr. 170.000, og greiðast þau fyrir fram fyrir hvern mánuð 1. hvers mánaðar. Launin hækka í samræmi við launavísitölu til greiðslujafnaðar, sem Hagstofa Íslands reiknar út, en þessi vísitala er í dag 1985 stig.

3. gr.

Sumarleyfi Valdimars skal vera 28 virkir dagar. Skal reikna 50% álag á orlofið, sé það tekið að vetri til að öllu leyti eða hluta. Aðilar eru ásáttir um, að Valdimar tekur sumarfrí á launum 28. júní til 19. júlí 1988, sem dregst ekki frá orlofsárinu maí 1988 til maí 1989.

4. gr.

Uppsagnartími samnings þessa skal vera 6 mánuðir, og miðast hann við mánaðamót.

5. gr.

Valdimar er ábyrgur fyrir öllum rekstri Goðgár hf. og ber einn ábyrgð til stjórnar. Allir aðrir starfsmenn bera ábyrgð til Valdimars, þar með talin ritstjórn.“

Sóknaraðili hóf störf hjá Goðgá hf. strax eftir gerð samningsins. Félagið fékk heimild til greiðslustöðvunar í tvo mánuði 23. sama mánaðar. Tilraunir til að koma nýrri skipan á fjármál félagsins á greiðslustöðvunartímanum báru ekki jákvæðan árangur, og var bú þess tekið til gjaldþrotaskipta að ósk stjórnar þess 15. ágúst 1988.

Ekki er ágreiningur með aðiljum um launakjör sóknaraðilja, heldur snýst hann eingöngu um það, fyrir hve langan tíma beri að reikna sóknaraðilja bætur sem ígildi launa, sem njóti forgangsréttar við gjaldþrotaskipti á búi Goðgár hf.

Ljóst þykir, að ráðningarsamningurinn var bindandi samningur milli sóknaraðilja og stjórnar Goðgár hf. Af því leiðir þó ekki sjálfkrafa, að þeim ákvæðum hans, sem að öðrum skilyrðum uppfylltum myndu tryggja sóknaraðilja forgangsréttarstöðu gagnvart öðrum kröfuhöfum, verði skilyrðislaust beitt gagnvart þrotabúi félagsins.

Samkvæmt 2. tölul. 84. gr. skiptalaga nr. 3/1878, sbr. X. kafla gjaldþrotalaga nr. 6/1978, njóta bótakröfur vegna slita á vinnusamningi eftir upphaf skipta eða á síðustu 18 mánuðum fyrir upphaf skipta forgangsréttar við gjaldþrotaskipti á búi vinnuveitandans. Samkvæmt almennum lögskýringarreglum þykir verða að skýra 2. tölul. 84. gr. skiptalaga þannig, að þessi bótaréttur takmarkist af því, að ákvæði vinnusamnings um hann teljist eðlileg og sanngjörn í ljósi allra atvika, þótt ekki sé það beinlínis tekið fram í lagatextanum sjálfum.

Skiptastjóri þrotabús Goðgár hf. hefur fallist á, að sóknaraðilja beri bætur vegna missis launa í uppsagnarfresti í þrjá mánuði frá 1. september 1988 og að sú krafa njóti forgangsréttar við skiptin. Þegar virtar eru allar aðstæður við gerð ráðningarsamningsins og tilgangur með ákvæði 2. tölul. 84. gr. skiptalaga nr. 3/1878, þykir mega fallast á það með varnaraðilja, að synja beri um viðurkenningu forgangsréttar fyrir frekari bótum til sóknaraðilja á grundvelli ráðningarsamningsins.

Samkvæmt þessu er það niðurstaða máls þessa, að viðurkennt er, að við skipti á þrotabúi Goðgár hf. eigi sóknaraðili forgangskröfu að fjárhæð kr. 676.190. Í þeirri fjárhæð er innifalið orlofsfé vegna launa fyrir júní og ágúst, en fjárhæð þess er óumdeild. Þessi niðurstaða er í samræmi við málsútlitun varnaraðilja, svo sem rakið var, þrátt fyrir sýknukröfur hans í málinu, og hafði hann í bréfi til varnaraðilja, mánuði áður en rekstur máls þessa var ákveðinn, lýst þessari afstöðu til kröfunnar, en þeirri afstöðu vildi sóknaraðili ekki una. Þykir því mega ákveða, að hvor aðilja skuli bera sinn kostnað af máli þessu.

Ragnar Halldór Hall borgarfégeti kvað upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Sóknaraðili, Valdimar Jóhannesson, á forgangskröfu í þrotabú Goðgár hf., að fjárhæð kr. 676.190.

Málskostnaður fellur niður.